



Sjálfshjörg á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags	27.09.2018
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	1809361

Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 24. september 2018

Umsókn um styrk til Bæjarstjórnar Garðabæjar

Erindi:

Stjórn Sjálfshjargar á höfuðborgarsvæðinu leitar hér með til Bæjarstjórnar Garðabæjar í von um styrk til starfsemi sinnar í þágu fatlaðra af öllu höfuðborgarsvæðinu.

Það er einlæg ósk okkar að þið sjáið ykkur fært að styrkja félagið um 200,000,- króna

Um félagið:

Sjálfshjörg á höfuðborgarsvæðinu var stofnað 27. júní 1958 og fagnar því 60. ára afmæli í ár. Það hefur verið verkefni félagsins að sinna réttinum fatlaðra og verið með öflugt félagstarf. Því er gaman að seiga frá því að á þessum sextíu árum hefur félagið dafnað vel og er mjög öflugt í sinni starfsemi.

En við erum ekki á föstum fjárlögum og verðum við því að treysta á velvilja bæjarfélags, fyrirtækja og almennings til að geta haldið starfsemi okkar gangandi.

Um starfsemi félagsins:

Sjálfshjörg á höfuðborgarsvæðinu rekur skrifstofu og félagsheimili að Hátúni 12. Félagsheimilið er ákaflega vel sótt og skrifstofan einnig en til okkar sækja bæði félagsmenn sem og aðrir fatlaðir einstaklingar.

Mikið er leitað til skrifstofunnar eftir allskonar upplýsingum og er reynt að hjálpa öllum eftir föngum. Einnig er mikið leitað til Sjálfshjargar á höfuðborgarsvæðinu um samvinnu og ýmsar ráðleggingar um málefni fatlaðra, sérstaklega hvað varðar réttindamál fatlaðra.

Skrifstofan hefur um áráðil, í samvinnu við ÍTR, séð um útgáfu afsláttarkorta sem veita öryrkjum og þeim sem samkvæmt læknisráði þurfa að stunda sund, frítt í laugarnar á höfuðborgarsvæðinu. Einnig fá handhafar kortanna frítt í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

Félagsheimilið er opið þrjú til fimm kvöld í viku. Einnig eru haldin mörg námskeið og eru þau vel sótt af félagsmönnum og öryrkjum hér úr nágrenninu, (ÖBÍ húsunum). Í fyrra var stofnaður hjá okkur hópur sem heitir Kósí saman og er hann fyrir alla þar sem bæði konur og karlar koma sama og þrjóna, lita, fönðrar eða bara koma og hitta aðra hefur þetta verði ákaflega vel sótt, þetta er á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl 12:30 -16:00. Í sumar var Kósý saman í Krika alla þriðjudaga og fimmtudaga.

Síðust ár hefur stóruaukist í félagsstarfi okkar og erum við mjög ánægð með það.

Einnig erum við aðilar að Samveru og súpu en það er samvinnuverkefni sem snýst um að einstaklingar sem búa við félagslega einangrun geti komið saman og fengið um leið ódýra máltíð.

Hin árlega hlutavelta og kaffisala Sjálfsbjargar er haldin fyrstu helgina í desember og er alltaf ákaflega vel sótt. Að undirbúningnum koma eingöngu sjálfbóðaliðar, félagsmenn í Sjálfsbjörg og leggja fram ómælda vinnu til að allir megi gera sér glaðan dag.

Undanfarin ár hefur verið haldinn Haustfagnaður í samvinnu við Íþróttafélag fatlaðra og tekist afskaplega vel og færri komist að en viljað, einnig er árlega haldið þorablót við góðan orðstir.

Aðalfundur er haldinn að vori samkvæmt lögum félagsins, þar eru endurskoðaðir reikningar lagðir fram, kosið í stjórn og nefndir og önnur aðalfundarstörf. Einnig eru haldnir almennir félagsfundir tvisvar til þrisvar á ári með fræðslu og uppbyggilegu umræðuefni eða málefnum liðandi stundar.

Opíð er í Krika, sem er sumarhús okkar við Elliðavatn, alla daga sumarsins (frá byrjun maí til og er hann mannaður með sjálfbóðaliðum svo félagsmenn (og aðrir) sem til okkar koma geti notið útiveru og samveru við aðra. Kíki er eignin staðurinn á höfuðborgarsvæðinu sem er með aðgengi fyrir alla, bæði úti sem inni. Margir koma bara til að fá félagskap og hefur sá félagskapur komið mörum út félagslegri einangrun sem margir glíma við.

Það er orðinn fastur liður að hafa hátíð í Krika um Verslunarmannahelgina og einnig sjá sjálfbóðaliðar um að hafa bátadag einu sinni að sumri.

Kríki er þó nokkuð notaður af öðrum en okkar félagsmönnum, t.d. hafa ýmis sambýli, geðfatlaðir, klúbburinn Geysir, Vín og Hitt húsið og aðrir einstaklingar og/eða hópar fengið húsið lánað til að geta nýtt þá einu aðstöðu sem í boði er.

Nú í sumar hefur en eitt metið aðsóknar metið verið slegið og erum við einstaklega ánægð með nýja metið sem er tvöföldun frá fyrra ári. Það má segja að fjöldi gesta í Krika sumar hafi verið að meðaltali 80-100 manns 😊

Enda er Kríki “Paradís á jörð”,

Eins og komið hefur fram þá er mikil starfsemi á vegum Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu og mæðir töluvert á stjórn félagsins. Á sjálfbóðavinnu þeirra væri ekki hægt að reka jafn öfluga starfsemi og nú er.

Einungis er einn launaður stafismaður í vinnu á skrifstofu félagsins, og er hann í hlutastarfi 50%.

Hér að ofan eru talin upp helstu verkefni okkar en þau eru mun fleiri eins og gefur að skilja, það er því ljóst að mikil starfsemi og gróska er í félaginu og öll rekin í sjálfbóðavinnu.

Virðingarfyllt

Anna Kristín Sigvaldadóttir
Sjálfsbjörg

fh. Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu
Sími 551-7868

Anna Kristín Sigvaldadóttir
skrifstofa@sjalfsbjargar.is

Skrifstofustjóri

